



16. fundur stjórnar Aftureldingar 16. mars 2011

Fundur settur kl. 17:20 að Varmá

Mætt: Anna Sigríður Guðnadóttir, Ásmundur Pálsson, Guðjón Helgason, Helga Jóhannesdóttir, Jón Pálsson og Sævar Kristinsson. Brynjar Jóhannesson framkvæmdastjóri sat fundinn.

- 1) Dagskrá aðalfundar
- 2) Samningar við Mosfellsbæ og aðstöðumál
- 3) Stefna Mosfellsbæjar í íþrótt og tómstundamálum
- 4) Rammi utan um fjáraflanir deilda
- 5) Samstarf við Vinnumálastofnun um að taka ungt atvinnulaust fólk í vinnu
- 6) Afreksráð
- 7) Upplýsingavefur
- 8) Innleiðing stefnumótunar félagsins
- 9) Siðareglur
- 10) Samskipti í búningaklefum
- 11) Áfengisauðglýsingar og meðferð áfengis í tengslum við atburði á vegum félagsins
- 12) Önnur mál

Dagskrá aðalfundar

Farið yfir dagskrá aðalfundar. Ákveðið að framkvæmdastjóri sendi út reglur um viðurkenningar og óski eftir tilnefningum frá deildunum. Deildir sendi þær til framkvæmdastjóra fyrir 23. mars.

Finna þarf kandidat í framboð til varamanns í stjórn. Stjórnarmenn hugi að því.

Finna þarf endurskoðendur og fulltrúa í siðanefnd.

Formaður og gjaldkeri fari yfir og klári reglugerð um merki og búninga félagsins fyrir næsta formannafund og til kynningar á aðalfundi.

- Ársskýrsla félagsins þarf að vera tilbúin í drögum til yfirlstrar fyrir **25/03/2011**. Fer í prentun þann 28/03/2011.
- **Deildir skili sínum skýrslum til framkvæmdastjóra fyrir 24/03/2011**
- Formaður skili skýrslu stjórnar fyrir 20.03.2011

Finna þarf fundarstjóra. Tillögur?

Handrit aðalfundar er til frá síðasta fundi. Framkvæmdastjóri fer yfir það og leggur til breytingar ef þurfa þykir.

- 2) Samningar við Mosfellsbæ og aðstöðumál

Ekkert miðar í samningaviðræðum við Mosfellsbæ.

Ákveðið að fela formanni að rita bæjarstjóra bréf þar sem lagt verður til að fjárhagssamningur fyrra árs verði framlengdur út árið 2011 auk tillögu um fyrirkomulag reksturs íþróttamannvirkja bæjarins.

3) Stefna Mosfellsbæjar í íþróttá- og tómsundamálum

Drögin rædd og ákveðið að stjórnarmenn ljúki við ábendingar í tölvupósti.

4) Reglur um fjáraflanir og auglýsingar deilda

Gjaldkeri og framkvæmdastjóri ljúka gerð þessara regla fyrir formannafund þar sem þær veðra kynntar. Á fundinum kom fram að menningarmálanefnd hefur auglýst eftir félagasamtökum sem vilja taka að sér umsjón með viðburðum í bæjarfélaginu og verður sú auglýsing kynnt á formannafundi.

5) Samstarf við Vinnuálastofnun um að taka ungt atvinnulaust fólk í vinnu

Ekki hefur orðið af fundi með fulltrúa Vinnuálastofnunar. Nokkrar hugmyndir ræddar um möguleg störf sem kæmu til greina og ákveðið að taka þetta mál upp í viðræðum við bæinn.

6) Afreksráð

Frestað

7) Upplýsingavefur

Vinna við nýjan vef er í gangi og standa vonir til að hægt verði að opna hann á aðalfundi.

Framkvæmdastjóri mun undirrita samning um fjármögnun þeirrar sérstöku forritunar sem þarf, en fyrirtækið Atlantis mun kosta hana.

8) Innleiðing stefnumótunar félagsins

Ákveðið að eftir aðalfund muni stjórnin setjast yfir framkvæmdaáætlun í tengslum við stefnu félagsins sem síðan verði innleidd hjá félaginu.

9) Siðareglur

Verða komnar út fyrir aðalfund.

10) Samskipti í búningsklefum

Borist hafa athugasemdir um ónóga gæslu í búningsklefum og að þar gerist ýmislegt í samskiptum barna sem ekki er ásættanlegt. Ákveðið að þessi mál verði tekin inn í viðræður við bæinn enda er gæsla í íþróttahúsi á forræði bæjarins. Framkvæmdastjóri mun tilkynna íþróttafulltrúa Mosfellsbæjar um þau atvik sem nýlega hafi komið upp. Aðalstjórn mun taka upp umræðu um málefnið á næsta formannafundi.

11) Áfengisauglýsingar og meðferð áfengis í tengslum við atburði á vegum félagsins

Aðalstjórn ákvað að fela framkvæmdastjóra að ítreka við formenn deilda að öll meðferð áfengis og

annarra vímuefna í íþróttmannvirkum og á atburðum tengdum félaginu er óheimil. Einnig verður málið sérstaklega rætt á formannafundi.

12) Önnur mál

Stjórn handknattleiksdeildar óskar eftir að fá að fresta aðalfundi. Aðalstjórn fellst ekki á þá beiðni enda segir skýrt í lögum félagsins að aðalfundir deilda skuli haldnir áður en aðalfundur félagsins er haldinn.

Formannafundur verður haldinn miðvikudag 23. mars í stofu 6. Fundarefni m.a. reglugerð um búninga, kynning á jafnréttisstefnu félagsins, skósamningar, samskiptamál í búningsklefum, reglur um meðferð áfengis, fyrirlestur Viðar Halldórssonar.

Næsti fundur stjórnar verður haldinn **28. mars kl. 20**

Fundi slitið kl. 20

Fundargerð ritaði Anna Sigríður Guðnadóttir ritari stjórnar